# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2024

**ÍSLE1ML05**

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Kristín Þóra Möller, kristin.moller@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Fimmtudagar kl. 9.20-10.00 | |
| **Námsefni** | *Vetrarfrí* eftir Hildi Knútsdóttur, Bókabúð/Storytel<br>Plastmappa fyrir námsgögn og verkefni frá kennara<br>Ljósritað/skannað efni frá kennara<br>Ýmsar æfingar í málfræði og stafsetningu | |
| **Áfangalýsing** | Áfanginn byggist m.a. upp á lestri ólíkra texta og ritunar úr daglega lífinu. Áhersla er lögð á að nemendur efli málfærni sína og lesskilning með því að lesa og skrifa mismunandi texta. Nemendur lesa í það minnsta eina skáldsögu auk þess sem farið verður í smásögur. Í áfanganum er ætlast til að nemendur lesi texta sér til gagns og stuðli þannig að aukinni lestrarfærni og túlkun. Samfara lestri verður farið í helstu bókmenntahugtök tungumálsins. Þá verða rifjaðar upp helstu reglur í málfræði og stafsetningu. Að lokum verða nemendur þjálfaðir í ferlisritun þar sem ýmsir textar verða skoðaðir í ljósi íslenskunnar. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Til að ná áfanganum þarf meðaleinkunn upp á 4,5 úr prófum/verkefnum á önninni. Samanlögð vinnueinkunn þarf að vera a.m.k. 4,5.<br>Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Ef nemendur af einhverjum ástæðum komast ekki í tímapróf á tilgreindum tíma þá hafa þeir tvær vikur þar á eftir til að taka það próf. Ef próf/ verkefni er unnið á stoðdegi þá fær nemandi hámarkseinkunn 5. Ef engin skýring er á fjarvist nemenda í tímaprófi þá hefur hann fyrirgert rétti sínum til að taka það próf.<br>Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið.<br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| **Heiti** | **Vægi** |
|---|---|
| Vetrarfrí, verkefni og próf | 30% |
| Smásögur, verkefni og próf | 20% |
| Málfræði, verkefni og próf | 10% |
| Ritunarmappa | 15% |
| Stafsetning | 5% |
| Kvikmyndaverkefni | 10% |
| Ljóðaverkefni | 10% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Nemendur bera ábyrgð á því að koma á réttum tíma, með viðeigandi gögn og skila verkefnum á því formi sem kennari biður um á réttum tíma. Ólæsileg verkefni eða skjöl sem kennari getur ekki opnað fá einkunnina 0. |

**Þekking**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi lestrar
- mismunandi aðferðum við lestur
- bókmenntahugtökum og einfaldri greiningu bókmenntatexta
- helstu hjálpargögnum við ritun

**Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka aðalatriði úr texta og átta sig á meginefni hans
- beita bókmenntahugtökum
- nota tungumálið í rituðu og töluðu máli
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa læsilegan texta
- notfæra sér hjálpargögn við lestur og ritun
- túlka bókmenntatexta og miðla þekkingu sinni á honum til annarra

| **Vinnuáætlun** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Undirbúningur f. tíma** | 16 vikur x 4 tímar x 20 mín | 21 klst. |
| **Verkefnavinna** | 4 x 6 klst. | 20 klst. |
| **Alls** | | **105 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19. - 23. ágúst | Kynning á efni annarinnar<br>Vetrarfrí (bls. 5-56) | Stafsetningarkönnun 1<br>Verkefni |
| **2. vika**<br>26. - 30. ágúst | Vetrarfrí (bls. 57-125)<br>Ritun | Próf 1 úr Vetrarfrí<br>Verkefni |
| **3. vika**<br>2. - 6. september | Vetrarfrí (bls. 126-187 )<br>Unnið í ritunarmöppu | Próf 2 úr Vetrarfrí<br>Verkefni |
| **4. vika**<br>9. - 13. september | Vetrarfrí (bls. 161-238)<br>Unnið í ritunarmöppu | Próf 3 úr Vetrarfrí |
| **5. vika**<br>16. - 20. september | Vetrarfrí - Verkefni og umræður<br>Unnið í ritunarmöppu | Próf 4 úr Vetrarfrí<br>Hlaðvarpsverkefni |
| **6. vika**<br>23. - 27. september | Vetrarfrí lokaverkefni<br>Unnið í ritunarmöppu | Skil á ritunarmöppu |
| **7. vika**<br>30. september - 4. október | Vetrarfrí<br>Kynningar á lokaverkefni<br>Málfræði, stafsetning | Kynning á lokaverkefni úr Vetrarfrí |
| **8. vika**<br>7. - 11. október<br>*Námsmatsdagur* | Kvikmynd | Kvikmyndaverkefni |
| **9. vika**<br>14. - 18. október<br>*Miðannarmat* | Smásögur<br>Stafsetning | Verkefni úr smásögu |
| **10. vika**<br>21. - 24. október<br>*Vetrarleyfi 25. okt.* | Smásögur<br>Málfræði, stafsetning | Verkefni úr smásögu |
| **11. vika**<br>29. október - 1. nóvember<br>*Vetrarleyfi 28 .okt.* | Smásögur<br>Málfræði, stafsetning | Verkefni úr smásögu<br>Málfræðikönnun |
| **12. vika**<br>4. - 8. nóvember | Smásögur<br>Málfræði, stafsetning | Verkefni úr smásögu |
| **13. vika**<br>11. - 15. nóvember | Smásögur<br>Málfræði, stafsetning | Verkefni úr smásögu<br>Málfræðikönnun |
| **14. vika**<br>18. - 22. nóvember | Ljóð | Próf úr smásögum |
| **15. vika**<br>25. - 29. nóvember | Ljóð | Ljóðaverkefni<br>Stafsetningarkönnun 2 |
| **16. vika**<br>2. - 6. desember | Upprifjun og uppsóp | |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Kristín Þóra*